

# *Heilsuleiðskólinn Holtakot*



*Deildarnámskrá Hlið*

*2018 - 2019*

# *Starfsmenn á Hlíði*

Pórunna Kolbrún Jónatansdóttir - Leikskólakennari/Deildarstjóri	thorannajo@leikskolarnir.is
Sæunn Eiríksdóttir - Leikskólaliði	saeunnei@leikskolarnir.is
María Eliassen - Leiðbeinandi	mariael@leikskolarnir.is
Hildur Einarsdóttir - Leikskólakennari/Hreyfing	hildurei@leikskolarnir.is

## *Gleði, virðing og öryggi*

Einkunnarorð Holtakots eru gleði, virðing og öryggi ásamt þessum fínu orðum Bangsímmons:

*Þú ert hugrakkari en þig grunar, snjallari en þú heldur og sterkari en þér sýnist.*

## *Leiðarljós skólafestefnu Garðabæjar eru:*

Metnaður - virðing - sköpun – gleði

## *Hornsteinar skólafestefnu Garðabæjar eru:*

Nám og kennsla

Umhverfi og skipulag

Hollusta og hreyfing

Lýðræði og virðing

Tónlist og menning

## *Hópaskipting*

Barnahópnum er skipt í þrjá hópa með þremur kennurum. Hópaskipting er endurskoðuð eftir þörfum. Hópstjórar eru með sínum hóp við matarborðið, í hópastarfi og í lestrarstund. Hópstjórar sjá um að skrá í heilsubækur hjá sínum börnum ásamt deildarstjóra.

## *Daglegt líf á leikskólanum*

Daglegu lífi í leikskólanum fylgja ýmsar fastar athafnir, þar sem líkamlegum og andlegum þörfum barnanna er mætt. Þessar daglegu athafnir hafa mikið vægi í þroska barnanna og mikilvægt að mæta þörfum hvers barns hverju sinni eins vel og kostur er.

Í daglegum athöfnum felst mikið nám fyrir börnin auk þess sem lögð er áhersla á að efla sjálfstæði þeirra og sjálfshjálp.

Skipulag og ákveðnar tímasetningar skapa festu og öryggi sem er börnunum mikilvægt og eru rammi utan um starfið í leikskólanum.

## *Dagskipulagið á Hlíð*

7.30	Leikskólinn opnar á Mýri
8.00-9.00	Morgunmatur/frjáls leikur
9.00-9.30	Frjáls leikur
9.30-10.00	Ávaxtastund
10.00-11.00	Útivera/Vettvangsferðir
11.00-11.30	Salernisferðir/samverustund
11.30-12.00	Hádegismatur
12.00-12.30	Sögustund
12.30-14.30	Útivera/Frjáls leikur
14.30-15.00	Nónhressing
15.00-15.30	Hópastarf
15.30-16.00	Frjáls leikur

## *Að koma og fara*

Við leggjum áherslu á að taka vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið í leikskólann. Barnið þarf að upplifa öryggi og það viðmót sem barnið mætir getur haft úrslitapýðingu varðandi góð samskipti og tengsl. Okkur finnst mikilvægt að barnið finni fyrir jákvæðu viðhorfi foreldris gagnvart leikskólanum, þá veit barnið að foreldri er sátt og það verður öruggara við aðskilnað. Að því leyti er einnig gott að hafa kveðjustund stutta og hnitmiðaða. Foreldrum er velkomið að hringja inn á deild og spyrjast fyrir um barnið ef kveðjustund hefur verið erfið.

## *Matartímar*

Áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði. Áhersla er lögð á að barnið smakki á öllu (þó lítið sé).

Matseðill er settur Karellen og hann hangir einnig í fataklefum deildanna.



<b>Markmiðið er að börnin:</b>	<b>Leiðir til að ná fram markmiðum:</b>
Læri að nota viðeigandi áhöld í matartímum eins og skeið eða gaffal og hníf.	Kennari aðstoðar barn við að ná tökum á að halda á viðeigandi áhöldum og minnir barnið á að nota áhöld í staðinn fyrir hendurnar.
Verði fær um að hjálpa sér sjálf.	Kennari aðstoðar börnin eftir þörfum.
Venjist fjölbreyttri og hollri fæðu	Kennari gefi börnunum litla skammta í einu og hvetji þau til að smakka allan mat. Skólahópur skammtar sér sjálf.

## Hreinlætisvenjur

Lögð er áhersla á að börnum sé hjálpað að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur. Í þessum þætti daglegra athafna er mikilvægt að nýta tækifæri sem gefast til að leiðbeina börnum um heilbriggt viðhorf til eigin líkama s.s hreinlæti og næði til athafna. Mikilvægt er að þekkja þarfir og þroska hvers barns og veita aðstoð af nærgætni og hlýju. Börnin læra að halda sér þurrum og mikilvægt er að það ferli gangi vel og jákvætt fyrir sig.



## Hvíld og slökun

Eftir hádegisverð er boðið uppá hvíld/slökun fyrir þau börn sem þurfa. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni og er hlustað á rólega tónlist.



*Á Hliði eru eftirfarandi markmið og leiðir til að vinna að þeim:*

<b>Markmið að börnin:</b>	<b>Leiðir:</b>
Að börnin geti notið hvíldar eða slökunar í rólegu umhverfi þar sem þau finni til öryggis.	Kennarar taki þátt í hvíld og slökun.

## *Í fataklefanum*

Lögð er áhersla á að börnin læri smám saman að klæða sig sjálf með því að hvetja þau og örva til gera eins mikið og þau geta. Þannig styrkist sjálfstæði þeirra og sjálfsbjargarviðleitni. Þessa þætti ber að örva og virða og er fataklefinn góður vettvangur til þess. Þau læra hjálpssemi, að sýna öðrum tillitsemi og einnig að ganga snyrtilega frá fatnaði sínum.

*Á Hliði eru eftirfarandi markmið og leiðir til að vinna að þeim:*

<b>Markmið að börnin:</b>	<b>Leiðir</b>
Læri að klæða sig úr/í fatnað eftir getu hvers og eins.	Kennari er með börnum í fataklefa og gefi þeim tækifæri og tíma til þess að athafna sig. Kennari aðstoði börnin og leiðbeini þeim.
Læri helstu heiti á fatnaði og hugtök sem tengjast klæðnaði	Kennarar setji orð á athafnir og fatnað.
Læri að ganga snyrtilega frá fatnaði sínum	Að kenna börnunum góða umgengni, hafa fatnaðinn aðgengilegan svo auðvelt sé fyrir börnin að sækja og ganga frá fatnaði.

## Leikurinn

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfs, lífstjáníng og gleðigjafi barns. Hann er uppspretta sköpunar og hugmynda. Af leik skapast ný þekking, nýjar athafnir, tilfinningar og leikni. Félagsleg færni þeirra eykst í samskiptum þeirra við leikfélaga og þau læra að taka tillit til hvers annars og vinna saman. Leikur er líf og starf barnanna þar sem þau fá tækifæri til að vinna úr upplifunum sínum og geta sjálf skipað sér í ýmis hlutverk og virkjað þannig sköpunargáfu sína á margvíslegan hátt.



*Á Hliði eru eftirfarandi markmið í leiknum og leiðir til að vinna að þeim:*

<b>Markmið að börnin:</b>	<b>Leiðir:</b>
Noti opinn efnivið svo þau fái útrás fyrir sköpunar- og leikgleði sína	Kennarar skapa börnunum góðar leikaðstæður
Læri að tjá tilfinningar sínar og sýna öðrum tillitsemi	Kennarar eru meðvitaðir um gildi leiksins og mikilvægi þess að vera til staðar ef á þarf og aðstoði börnin í samskiptum
Að frjálsi leikurinn fái að blómstra	Að börnin velji sér svæði og viðfangsefni eftir áhuga

## Frágangur

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og leikefni. Þannig læra þau að bera virðingu fyrir eigum sínum og annara, efniviðnum og umhverfi sínu. Börnin eru þátttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum, t.d. með því að sækja sér efnivið. Lögð er áhersla á að leikföng og efniviður sé sýnilegur og aðgengilegur börnunum.

## Útívera

Útívera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útívera er börnum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst. Í útíverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Í útíverunni leika börnin sér mest frjálst, en einnig er stundum um skipulagða leiki að ræða, t.d. ýmsa hópleiki. Miðað er við að öll börn fari út einu sinni á dag og er meiri áhersla lögð á útíveru yfir sumartímann.



### *Á Hliði eru eftirfarandi markmið í útíveru og leiðir til að vinna að þeim*

<b>Markmið að börnin:</b>	<b>Leiðir:</b>
Fari út að minnsta kosti einu sinni á dag í frjálsan leik.	Börnin fari í útíveru eftir ávaxtastund á hverjum degi með kennara ca. klukkutíma í senn.
Venjst því að fara út í alls konar veðrum	Að kennarar hvetji nemendur til útivistar og hjálpi þeim að finna út hvað sé hægt að gera miðað við veður
Verði örugg í leikskólagarðinum og kynnist nánast umhverfi leikskólans	Fari út ásamt kennara sem er ávallt sýnilegur börnunum. Vettvangsferðir bæði með strætó og í göngu.



## Hópastarf

Barnahópnum er skipt í þrjá hópa og er einn kennari með hvern hóp. Hópaskiptingin er sett upp að hausti og endurskoðuð eftir þörfum. Kennari fylgist með þroska og námi barnanna og skipuleggur verkefni út frá þeim þáttum. Öll verkefni og vinna er miðuð við hvern aldurshóp hvað þroska varðar.

### Á Hliði eru eftirfarandi markmið og leiðir í hópastarfi:

Markmið að börnin:	Leiðir:
Taki þátt og kynnist fjölbreyttu starfi sem skipulagt er út frá Aðalnámskrá leikskóla	Kennarar vinni námsáætlun fyrir hverja önn.
Læri að vera hluti af hóp og taka tillit til annarra	Að börnin tilheyri ákveðnum hóp þar sem hver og einn fær að njóta sín
Fái fjölbreytt verkefni við hæfi	Að viðfangsefni höfði til barnanna og að kennarar hafi leikinn að leiðarljósi í öllu starfi

## Samverustundir

Í samverustundum er sungið, lesnar sögur, dansað, hlustað á tónlist og rætt saman.

Mikil áhersla er lögð á söng með hreyfingum. Við munum nota samverustundir til að fræða börnin um ýmis verkefni, eins og Grænfánaverkefnið Lubbi, Blær og Uppbyggingarstefnuna.

Ýmis fræðsla tengd menningu og listum fer einnig fram í þessum stundum.

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki

fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra. Samverustund eru fyrir hádegismatinn.



## Á Hliði eru eftirfarandi markmið og leiðir í samverustundum:

Markmið að börnin:	Leiðir:
Læri að sitja í samverustund og vera saman	Hvert barn á sitt sæti í samverustund
Læri söng og rím.	Kennarar leggi inn lög, texta og rím.
Eigi notalegar og skemmtilegar stundir saman við söng og leik	Öll börn fái að taka þátt í söng og leik

## Hreyfing

Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli.

Mikil áhersla er lögð á hreyfingu í leikskólanum og er það hluti af Heilsustefnu skólans. Börnin á Hliði fara aðra hverja viku í íþróttahúsið aðra hverja viku í Ásgarð. Börnin í skólahóp fara í sundkennslu einu sinni í viku yfir veturinn.



*Á Hliði eru eftirfarandi markmið og leiðir til að vinna að þeim í hreyfingu:*

<b>Markmið að börnin:</b>	<b>Leiðir:</b>
Hafi gaman af að hreyfa sig og fái aukið úthald, einbeitingu og styrk	Hreyfistundir í sal og íþróttahúsi þar sem lögð er áhersla á fjölbreytta þjálfun.
Að efla samhæfingu og jafnvægi, og auki er unnið með Leikur að læra.	Kennarar aðstoði börnin og leiðbeini þeim
Verði örugg í búningsklefa og ofan í sundlauginni	Kennarar með sundlaugarvarðarpróf aðstoði börnin og leiðbeini þeim

## *Samþætt og skapandi leikskólastarf*

Starfið í leikskólanum er skapandi og samþætt nám, þar sem börnin uppgötva og læra af öllu sem þau taka sér fyrir hendur, úti og inni, í skipulögðu markvissu starfi, frjálsum leik eða athöfnum daglegs lífs. Börnin læra í samvinnu við önnur börn og fá til þess stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssvið leikskólans eru og eiga að vera samþætt og samofin í leikskólastarfinu.

## *Lýðræði í leik og starfi á Hliði*

Í leikskólanum eru börn, foreldrar og starfsfólk samstarfsaðilar og taka sameiginlega þátt í að skapa lýðræðislegt samfélag innan hans. Virðing og umhyggja eru grunngildi lýðræðisins. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að vinna með þessi grunngildi og að börn og starfsfólk þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vinsemd í leik og starfi. Lögð er áhersla á að leysa mál á jákvæðan og friðsaman hátt, þar sem sjónarmið allra eru virt og niðurstaða fengin, sem gengur ekki á rétt barna, foreldra eða starfsfólks.

Lögð er áhersla á að vinna með ábyrgðarkennd og læra að taka ábyrgð á eigin gjörðum og orðum. Það eflir og styrkir frumkvæði og stuðlar að virkri þátttöku í ákvörðunartöku um hin

ýmsu málefni, er varðar börn og starfsfólk. Nýta þarf tækifæri í daglegu starfi til að auka valmöguleika barna um þá þætti í leik og starfi, sem þau hafa forsendur til að taka ákvarðanir um. Um sumt eiga börn ekki að hafa val og það er á ábyrgð hinna fullorðnu að taka skynsamlegar ákvarðanir með hagsmuni barnanna að leiðarljósi.

Í lífinu þurfa allir einhvern tímann að eiga skoðanaskipti við aðra. Því er mikilvægt að læra að tjá skoðanir sínar og hlusta á og virða skoðanir annarra. Leikskólinn á að búa börnunum þann vettvang að þau geti þjálfað þessa færni og byggt upp á jákvæðan hátt. Með því að efla sjálfsmynd barna og sjálfstraust fá þau tækifæri til að upplifa sig sjálf sem virka þátttakendur í samvinnu með öðrum.

### *Á Hliði eru eftirfarandi markmið og leiðir að lýðræði:*

<b>Markmið að börnin:</b>	<b>Leiðir</b>
Öðlist góða sjálfsmynd, sýni samkennd og tillitsemi þannig að hvert barn fái að njóta sín	Börnin hafa val í starfinu, fá tíma til æfinga og leikja
Upplifi öryggi í leikskólanum og tengingu við heimilið	Börnin eiga myndir af fjölskyldunni að heiman og geta skoðað myndirnar sínar
Læri að tileinka sér góð samskipti og öðlist reynslu til að leysa málin	Kennarar aðstoði við að leysa úr ágreiningi sem upp kemur, læri að vera góð við hvert annað Hvað viltu? Hvað getur þú gert annað?
Læri að vera hluti af hópnum	Vinna saman í litlum hópum t.d. í hópastarfi
Læri að skiptast á	Unnið í litlum hópnum, samvinnuverkefni
Tillit til mismunandi þarfa barnanna	Þarfirnar í uppbyggingarstefnunni

# Námssvið leikskólans

## Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur og til þess að eiga samskipti við aðra nota þau ýmsar aðferðir. Læsi í víðum skilningi er mikilvægur þáttur þegar kemur að samskiptum. Læsi felur í sér að barn búi yfir þekkingu, hafi færni til að skynja og skilja og geti sett orð á það sem það upplifir og sér. Barn þarf að búa yfir hæfni til að tjá hugsanir sínar og skoðanir, tilfinningar og langanir. Læsi snýst ekki eingöngu um notkun orða því barnið lærir einnig smátt og smátt að lesa í umhverfi sitt, það lærir að rata og fara um í nærumhverfi sínu með vísbendingum sem það man eftir og þekkir. Í leikskólanum er lögð áhersla á að efla málþroska barna á fjölbreyttan hátt í gegnum samþætt nám í leik og starfi.



*Á Hliði eru eftirfarandi markmið í málörvun og leiðir að þeim:*

Markmið:	Leiðir:
Málörvun/málvitund barna	Markviss málörvun með áherslu á orðaforða, hlustun, rím og tjáningu, lestur, söngur, daglegar athafnir og samverustundir
Ritmálið	Tákn með tali
Leikurinn	Aðstoða börnin í samskiptum í leik
Uppbyggingarstefnan, vináttuverkefni og Lubbi	Setja orð á tilfinningar og skoðanir, samskipti við aðra
Umhverfi	Vettvangsferðir, útivera

## Heilbrigði og velferð

Holtakot er Heilsuleikskóli og þar læra börnin um hollt matarræði, mikilvægi hreinlætis, gildi hreyfingar og fá tækifæri til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Börn hafa ríka þörf fyrir frjálsa og óhindraða hreyfingu sem er öllum börnum mikilvæg.

Hreyfing eykur vellíðan, gleði, snerpu og þol og styður við líkamlegan og andlegan

þroska þeirra. Í útiveru fá börnin útrás fyrir ærslafulla leiki og hreyfingar sem krefjast meira rýmis. Í skipulögðum hreyfistundum er lögð áhersla á að vinna með samhæfingu hreyfinga, jafnvægi, úthald og styrk. Góð hreyfigeta og vellíðan barna styður við sjálfsmýnd þeirra og eflir sjálfstæði í daglegum athöfnum.

Hvíld og slökun er mjög mikilvæg og þurfa börn að endurhlaða líkama sinn með hvíld og slökun yfir daginn.

Velferð barna er afar mikilvægur þáttur í lífi þeirra. Barn skal njóta umhyggju, hlýju og virðingar sem eru forsendur þess að það fái að vaxa og þroskast í leik og starfi.

*Á Hliði eru eftirfarandi markmið um heilbrigði og velferð og leiðir að*

*þeim:*

<b>Markmið:</b>	<b>Leiðir:</b>
Hreyfing	Skipulögð hreyfing í salnum einu sinni í viku í íþróttahús, Ásgarð
Slökun/hvíld	Róleg tónlist og sögustundir
Útivera	Útivera í leikskólagarðinum og vettvangsferðir
Hreinlæti	Í daglegum athöfnum



## Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni fjallar um samfélagið, umhverfið, ábyrgð, virðingu og lýðræði. Að bera ábyrgð á sjálfum sér er hluti af sjálfbærni sbr. Uppeldi til ábyrgðar.

Markmiðið er að börn og starfsfólk átti sig á þeim vistsporum sem hver og einn skilur eftir sig skipti miklu máli bæði í nútíð og framtíð. Menntun í sjálfbærni inniheldur skilning á samfélaginu okkar, náttúrunni og vistfræðilegum takmörkum jarðar, að njóta og bæta við en ekki ganga á.

Börn nota ýmsar aðferðir við að kanna, skynja og skilja umhverfi sitt. Starfsfólk leikskóla þarf að skapa börnum möguleika til þess að upplifa og uppgötva umhverfi sitt og eiga félagsleg

samskipti við börn og fullorðna. Þegar börn þroskast byggja þau ofan á reynslu sína og bæta við þá þekkingu sem þau hafa.

Að kanna umhverfið er börnum eðlislægt og það gera þau með því að snerta, horfa, hlusta, bera saman, rannsaka, flokka, draga ályktanir og upplifa um leið og þeim er kennt að bera virðingu og alúð fyrir náttúrunni. Slíkt vísindanáms er mikilvæg leið að þroska og námi barna og er það hlutverk starfsfólks leikskóla að grípa þau tækifæri sem gefast í leik og starfi til þess að styðja við nám barnanna.



### Á Hliði er lögð áhersla á:

Útivera	Börnin kynnist leikskólagarðinum
Vettvangsferðir	Farið í gönguferðir eða með strætó í mismunandi árstíðum
Hópastarf og listsköpun	Unnið með verðlaust efni

## Sköpun og menning

Sköpun og menning er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik, skapandi starfi, menningu og lýðræði.

Listsköpun á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, könnun barnsins, gleði, tjáningu og námi sem fram kemur. Þar sem hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Sköpun fléttast við öll námssvið

leikskólans þar sem börnin fá að vinna með fjölbreyttan efnivið og verkfæri á fjölbreyttan hátt.

Á Holtakoti hafa skapast margar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu leikskólans.

Þessar hefðir felast í að gera eitthvað sem gleður hjarta og huga með því að gera sér dagamun eða bjóða gestum í heimsókn á leikskólann.



### Á Hliði er lögð áherslu á:

Myndsköpun	Börnin fá að kynna mismunandi efnivið til myndsköpunar –vatnslitir, þekjultitir, fingramálning, trélitir, vaxlitir
Tónlist og dans	Tónlistarnámskeið annað hvert ár að hausti, dansnámskeið annað hvert ár að hausti, söngur og tónlist í samverustundum
Hefðir og siðir	Dagur íslenskrar tungu, afmæli, opið hús á aðventu og í maí, bóndadagskaffi (pabba og afakaffi), konudagskaffi (mömmu og ömmukaffi), jól, páskar, öskudagur, afmæli leikskólans, litadagar, kerru-og dúkkuvagnadagur, hjóladagur, leikfangadagar, sulludagar og sumarhátíð



## *Leikur að læra*

Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem börnum á aldrinum 2-10 ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki og hreyfingu á skemmtilegan, líflegan og árangursríkan hátt innandyra sem utan.



Árið 2014 fengum við Kristínu Einarsdóttur íþróttifræðing til okkar þar sem hún lagði inn verkefnið Leikur að læra með starfsmönnum leikskólans. Í framhaldinu var ákveðið að taka þátt í þróunarverkefni til eins árs. Í gegnum hreyfiæfingar er verið að leggja inn liti, form, stafi og tölur. Tvisvar sinnum í viku í sept- nóv og jan-mars verður leikur að læra foreldra verkefni.

## *Tákn með tali*

Við notum tákn með tali eftir einstaklingum. En tákn með tali er tjáningarform ætlað fólki sem á við mál- eða talörðugleika að stríða. Það er notað samhliða tali og byggir á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. TMT er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barnsins. Við leggjum inn TMT í samveru.

## Einingakubbar

Í leikskólanum notum við kubba sem kallaðir eru einingakubbar og eru þeir hannaðir af Caroline Pratt, uppeldisfrömuði, sem stofnaði eigin skóla "City and Country School" í New York.

Kubbarnir eru allir miðaðir út frá svokölluðum einingakubb og eru mismunandi stærðarhlutföll af honum. Hönnun þeirra er þannig að þeir bjóða upp á óendanlega marga möguleika í byggingum og eru námsþættir þeirra margir og eru þeir góður stærðfræðigrunnur.



## Uppbyggingarstefnan

Við á Holtakot vinnum eftir

Uppbyggingarstefnunni en hún byggist á hugmyndafræði Diane Gossen frá Kanada. Stefnan gengur út á það að byggja upp sterka sjálfsmynd barna með því að börnin læri að uppfylla þarfir sínar án þess að brjóta á öðrum. Uppbyggingastefnan telur að öll höfum við fimm grunnþarfir og til þess að okkur líði vel þurfum við að uppfylla þær.



Börnin læra einnig að það sé í lagi að gera mistök og hvernig við getum bætt fyrir þau.

Uppbyggingarstefnan þjálfar börnin í að vera það sem þau vilja vera en ekki bara að geðjast öðrum. Meginmarkmiðið með henni er að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga, taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum.

Við munum fræða börnin um Uppbyggingarstefnuna í samveru og síðan vinnum við verkefni tengdu henni í hópastafi.

## *Heilsustefnan*

Þann 28. apríl árið 2011 stigum við það skref að verða hluti af heilsuskólum landsins og vorum við 18. skólinn í þeirri stefnu. Markmið stefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Hugmyndafræðin er sú að ef barn fær holla næringu og mikla hreyfingu, þá sprettur fram þörf til að skapa.

Heilsubók barnsins er gæðamatskvarði Heilsuleikskóla og stuðlar að því að Heilsuleikskólar nái settum markmiðum. Hún hefur að geyma útfærð skráningablöð varðandi þroska og ýmsar upplýsingar um barnið. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Skráð er m.a. heilsufar, hæð og þyngd, næring og sjálfhjálpa, lífsleikni, hreyfing og listsköpun. Skráningin skal fara fram tvisvar á ári, haust og vor og foreldrum boðið í viðtal í kjölfarið.

## *Grænfáni*

Við á Holtakoti erum Grænfánaskóli, en Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um góða umhverfismennt og umhverfisstefnu í skólum. Fánann fá skólar í kjölfar verkefna sem er ætlað að efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Grænfáninn minnir okkur á hvað það er mikilvægt að hugsa um umhverfið okkar og náttúruna.

Við á Holtakoti flögguðum okkar fyrsta Grænfána þann 17. desember 2010. Annað skiptið flögguðum við Grænfánanum þann 17. desember 2012 fyrir lýðheilsu. Þriðja skiptið flögguðum við Grænfánanum þann 17. desember 2014 fyrir áttthaga. Hausti 2016 flögguðum við fjórða fánanum fyrir orku og vatn. Hausti 2018 verður flaggið fimmta fánanum fyrir náttúruvernd og landslag.

## Umhverfssáttmáli okkar á Holtakotí:

„Leikskólinn Holtakot ætlar að leggja sitt af mörkum til jarðarinnar, það ætlum við að gera með því að tileinka okkur umhverfisvæna starfshætti og kenna börnunum að þekkja og virða umhverfi sitt og að barnið læri að taka ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Auk þess ætlum við að flokka rusl og endurnýta það sem til fellur, nota umhverfisvæn efni og spara orku og vatn.“

### Lubba stund

Lubbi kemur með nýjan bókstaf á hverjum föstudegi. Börnin mega taka með sér hlut/ dót að heiman með stafi vikunnar í. Hann má bæði vera í byrjun orðs eða inni í orðinu (hlutnum). Við munum nota hlutina í markvissa málörvun. Klappa atkvæði, ríma og ræða um hlutinn.



### Lesmál

Markmið þessa verkefnis er annars vegar að þróa markvissar sögu- og samræðustundir. Þeim er ætlað að stuðla að auknum hlustunar- og málskilningi barna, auka orðaforða þeirra, hugtakaskilning og tjáningu.

Við veljum með markvissum hætti nokkrar bækur og lesum hverja bók í eina viku, í hverri bók er valið eitt eða fleiri orð úr bókinni til að kenna.

# *Hagnýtar upplýsingar*

## *Aðlögun*

Mikilvægt er að standa vel að aðlögun barns í leikskóla frá upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Barnið þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnast börnum og fullorðnum sem fyrir eru, læra að vera í hóp, virða reglur o.fl. Leikskólakennari og foreldri ræða saman um tilhögun aðlögunarinnar. Á Holtakoti notum við svokallaða þátttökuaðlögun sem byrjar með því að foreldrar eru boðaðir í viðtal við deildarstjóra. Þar fær deildarstjóri ítarlegar upplýsingar um hagi barnsins og persónu þess. Foreldrar fá þá upplýsingar um hvernig aðlögun er háttað og upplýsingar um stefnur skólans, hefðir og fleiri nytsamlegar upplýsingar.

Þátttökuaðlögun er nefnd þessu nafni því að henni er þannig hagað að a.m.k. annað foreldri dvelur með barninu í þrjá daga á leikskólanum. Meðan á aðlögun stendur gefst foreldrum tækifæri til að kynnast starfsmönnum deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum. Einnig gefst foreldrum tækifæri til að kynnast innbirgðis, með því er lagður góður grunnur að ánægjulegri leikskóladvöl. Mikilvægt er að jákvæð samskipti skapist á milli foreldra og starfsmanna því það stuðlar að jákvæðum viðhorfum barnsins til leikskólans.

## *Foreldrasamstarf*

Gagnkvæmt traust, jákvæðni, virðing og samvinna er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og líðan barns í leikskólanum. Foreldrar eru hvattir til þess að taka þátt í því samstarfi sem í boði er hverju sinni. Ýmsar hefðir eru á Holtakoti þar sem foreldrum er boðið að koma í heimsókn á leikskólann. Foreldraviðtöl eru tvisvar yfir skólaárið, á haustönn í október og á vorönn í mars. Áhersla er lögð á að allir foreldrar hafi tækifæri á að mæta í þessi viðtöl. Foreldrar geta óskað eftir viðtölum þar fyrir utan telji þeir þörf á því.

## *Veikindi og fjarvístír barns*

Ef barn mætir ekki í leikskólann vegna veikinda eða af öðrum ástæðum eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að tilkynna það til leikskólans með því að hringja í síma 550-2340 eða

láta vita inni á Karellen. Ef um veikindi er að ræða eru foreldrar beðnir um að láta starfsfólk vita hvað hrjáir barnið svo að hægt sé að skrá í heilsubók barnsins.

## *Innivera eftir veikindi*

Leikskólinn er fyrir frísk börn og útivera er mikilvægur þáttur af leikskólastarfinu á öllum árstíðum. Ýmsar umgangspætur herja á leikskólabörn, sér í lagi fyrsta vetur leikskólagöngunnar, og mikilvægt er að þau fái að vera heima ef heilsa þeirra er ekki góð. Að vera í stórum hóp barna ef heilsan er slæm getur verið mjög erfitt fyrir barnið, einnig eru líkur á að barnið smiti önnur börn og kennara. Eftir veikindi er mikilvægt að halda barni hitalausum heima í einn til tvo daga áður en það kemur aftur í leikskólann.

Starfsfólk leikskólans eru meðvitaðir um að fyrir störfum hlaðna foreldra er oft togstreita á milli foreldrahlutverksins og starfsins/námsins, en réttur barnsins er tvímælalaust að vera heima í ró og næði á meðan veikindin ganga yfir.

Innivera eftir veikindi er að hámarki tveir dagar. Möguleiki er á styttri útiveru í þeim tilfellum sem það á við, þ.e. að barnið fari síðast út og komi fyrst inn. Ekki er boðið upp á inniveru barna til að koma í veg fyrir veikindi.

## *Sérfaði í leikskólum*

Aðeins er hægt að verða við óskum foreldra um sérfaði fyrir barnið sitt gegn framvísun læknavottorðs frá barna- eða ofnæmislæknis og skal endurnýja vottorðið einu sinni á ári.

## *Lyfjagjafir í leikskólanum*

Lyf eru ekki gefin í leikskólanum nema læknir meti það svo að tímasetningar lyfjagjafar þurfi að koma inn á leikskólatíma barnsins. Þar er ekki átt við astma lyf eða önnur lyf sem eru barni lífsnauðsynleg.

## *Afmælisdagur barnsins*

Afmælisdagur barns er stór dagur í lífi þess. Í leikskólanum eru ýmsar hefðir til þess að þessi dagur verði barninu sem eftirminnilegastur. Afmælisblaðra er hengd á hólfi barnsins í fataklefanum, barnið býr til kórónu, afmælissöngurinn er sunginn og barnið blæs á afmæliskerti.

## *Fataklefínn/aukaföt*

Börnin eru á leikskólanum stóran hluta dags og ýmislegt getur komið upp á t.d. geta börnin sulað niður í matartímum orðið blaut eftir útiveru og fleira og því er nauðsynlegt að hafa aukaföt með í leikskólann sem barnið hefur til skiptanna. Börnin fá sérstakan kassa sem er geymdur fyrir ofan fatahólfin og er ætlaður undir aukaföt. Börnin þurfa að hafa eftirfarandi fatnað í kassanum sínum:

- **Tvær nærbuxur**
- **Tvö pör af sokkum**
- **Tvennar buxur**
- **Síðerma peysa**

Fyrir útiveru þurfa börnin hlífðarfatnað og skófatað eftir veðri. Veðrið á Íslandi getur verið margbreytilegt og því getur verið gott að vera við öllu búinn. Eftirfarandi fatnaður þarf að vera með börnunum í leikskólanum:

### **Vetrarfatnaður:**

- **Hlý úlpa**
- **Flísbuxur**
- **Kuldagalli**
- **Pollagalli**
- **Hlý peysa**
- **Þykk húfa**
- **Vettlingar – tvö pör**

- **Ullarsokkar**
- **Stígvél**
- **Kuldaskór**

**Sumarfatnaður:**

- **Hlý peysa**
- **Úlpa/léttur jakki**
- **Pollagalli**
- **Flísbuxur**
- **Punnir vettlingar – tvö pör**
- **Þunn húfa eða buff**
- **Strigaskór**
- **Stígvél**
- **Sólarvörn**

Hvert barn fær sitt fatahólf þar sem er geymd úlpa, skór, vettlingar, peysa og húfa, einnig fær hvert barn sinn snaga við útidyrnar þar sem kuldagalli og pollagallinn er geymdur og því biðjum við foreldra að skilja ekki töskur eða stóra poka eftir með fatnaði barnanna í hólfinu heldur tæma og setja í hólfid og á snagann. Góð regla er að fara yfir aukaföt í kassa á föstudögum og ef óhrein föt fara heim í miðri viku að koma með hrein föt í kassann daginn eftir.

Foreldrar eru beðnir að aðstoða starfsfólk deilda með því að:

- **Merkja allan fatnað með nafni barnsins**
- **Ganga frá fatahólfi barns í lok dags og óhrein föt þarf að taka með heim og þvo**
- **Tæma öll fatahólf á föstudögum (fatnaður í hólf, á snaga og skóhillu**



## Símanúmer

Símanúmer leikskólans er **550-2340**

Netfang deildarstjóra og annarra starfsmanna leikskólans er að finna á heimasíðu leikskólans

**[www.holtakot.is](http://www.holtakot.is)**

Leikskólastjóri er Ragnildur Skúladóttir og er hún við alla daga frá 8.00 -16.00 og auðvelt er að fá viðtal við hana. Netfangið hennar er **[ragnildursk@leikskolarnir.is](mailto:ragnildursk@leikskolarnir.is)** síminn hjá henni er

**5502341 / 8215018**